

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 27.01.2015
1411585 SHK

Efni: 121. mál til umsagnar frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis - Tillaga til þingsályktunar um millilandaflug um Vestmannaeyjaflugvöll og Ísafjarðarflugvöll

Almennt

Í umræddi tillögu til þingsályktunar er lagt til að Samgöngustofu verði sem fyrst falið að leita leiða til þess að flugvellirnir í Vestmannaeyjum og á Ísafirði verði áfram lendingarstaðir enda þótt takmarkað millilandaflug verði heimilað til þessara flugvalla.

Umsögn Samgöngustofu

Samgöngustofa óskar eftir að koma að eftirfarandi athugasemdum við umrædda þingsályktunartillögu í tengslum við efnisatriði þeirra tveggja reglugerða sem Samgöngustofa hefur eftirlit með, þ.e. reglugerð nr. 464/2007 um flugvelli og reglugerð nr. 985/2011 um flugvernd;

1. Í fyrsta lagi vill Samgöngustofa benda á að í 4. gr. reglugerðar nr. 464/2007 um flugvelli er kveðið á um að millilandaflugvellir sem skilgreindir eru sem landamærastöð og aðaltollhöfn skuli uppfylla skilyrði um flugvelli í flokki "flugvöllur I", sbr. II. hluta reglugerðarinnar.

Í dag eru flugvellirnir í Vestmannaeyjum og á Ísafirði skilgreindir sem skráðir lendingarstaðir, skv. IV. hluta reglugerðarinnar. Millilandaflug getur þannig ekki farið fram á flugvöllum sem skilgreindir eru sem skráðir lendingarstaðir að óbreyttum framangreindum ákvæðum reglugerðarinnar.

2. Í öðru lagi vill Samgöngustofa taka fram að reglugerð nr. 985/2011 um flugvernd, kveður á um flugverndarráðstafanir sem gera þarf vegna flugs. Eins og kunnugt er, er í gildi undanþága frá flugverndarráðstöfunum vegna innanlandsflugs á Íslandi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2009 sem tekin var upp í 2. gr. reglugerðar nr. 985/2011. Hvað varðar millilandaflug gilda hins vegar Evrópureglur um flugvernd, sem innleiddar eru með reglugerð nr. 985/2011, ásamt síðari breytingum. Samgöngustofa telur það ekki koma skýrt fram í tillögunni hvort að lagt er til að beitt verði "fullum" flugverndarráðstöfunum eða "takmörkuðum" flugverndarráðstöfunum á flugvöllum á Ísafirði og í Vestmannaeyjum, eða hvort lagt er til að alls engum flugverndarráðstöfunum verði beitt. Um framangreindar skilgreiningar á flugverndarráðstöfunum vísast til greinargerðar Flugstoða um sama efni frá 2008.

Þessu til viðbótar telur Samgöngustofa rétt að nefna að fari svo að flugverndarráðstöfunum verði beitt á fleiri stöðum á landinu en verið hefur, telur stofnunin að erfðara verði að rökstyðja áframhaldandi heimild til að beita sérstækum flugverndarráðstöfunum í innanlandsflugi. Þetta stafir meðal annars af því að helstu rök í umsókn Íslands um undanþágu voru að erfitt og dýrt væri að koma upp flugverndarráðstöfunum í innanlandsflugi m.a.vegna smæðar loftfara og fámennis. Þá telur

Samgöngustofa rétt að nefna að í umræddri umsókn um undanþágu kom fram að fullur aðskilnaður yrði á milli innanlandsflugs og millilandaflugs.

Til viðbótar þeim sjónarmiðum sem að framan eru rakin telur Samgöngustofa að til þess að fela stofnuninni það verkefni sem lagt er til með umræddri tillögu til þingsályktunar þurfi að skýra betur eftirfarandi atriði:

- Upplýsingar um tegund þeirra flugvéla sem nota á í fyrirhuguðu millilandaflugi
- Tíðni, hreyfingar og áfangastaðir fyrirhugaðs millilandaflugs
- Er gert ráð fyrir auknum fjárheimildum og mannafla til Samgöngustofu við það verkefni sem lagt er til?
- Hvers konar flugverndarráðstöfunum er lagt til að beitt sé?
- Hefur verið gert ráð fyrir breytingu í gjaldskrá Samgöngustofu vegna aukinnar vinnu stofnunarinnar við eftirlit?
- Er gert ráð fyrir að aðrir flugvellir sem eru í dag skilgreindir sem „skráður landingarstaður“ muni einnig óska eftir því að vera með takmarkað millilandaflug, s.s. Húsavík, Hornafjörður og Sauðárkrókur?

Virðingarfyllt



Reynir Sigurðsson

Framkvæmdastjóri mannvirkja – og leiðsöguviðs